

Fundargerð

56. stjórnarfundur FHA haldinn 26. mars 2014 kl. 9:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Guðmundur Óskarsson (GKÓ), Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Guðmundur Engilbertsson (GE), Fjóla Björk Jónsdóttir (FBJ) og Vera Kristín Kristjánsdóttir (VK).

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerða

Síðasta fundargerð samþykkt samhljóða að teknu tilliti til innsláttarvilla.

2. Kjaramál

FH hefur samþykkt að fara í verkfall. Stjórn FHA samþykkir að fara í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun. Verkfallið myndi standa frá 28. apríl til 12. maí.

Næsta mál er því að skipa kjörstjórn sem ætti að vera skipuð af 3-5 manns. Kjörstjórn þarf að fara yfir félagatal, skoða hverjir það eru sem megi kjósa og keyra kosninguna af stað. Þá þarf kjörstjórn einnig að semja kjörseðil en við fáum kjörseðil FH til að vinna eftir.

Kjörstjórn var skipuð og í henni sitja Guðmundur Kristján, Fjóla Björk og Hjördís. Hún mun nú þegar hefjast handa við að undirbúa og koma af stað kosningu.

3. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 9:30

Vera Kristín Kristjánsdóttir, fundarritari.